

Fundur í skólaráði 01.06.2022

Mættir: Ásta Laufey fulltrúi foreldra, Arna Björk fulltrú grenndarsamfélags, Helena og Óttarr fulltrúar nemenda, Soffía W og Jón Óttarr fulltrúar kennara og Magnea skólastjóri.

Rætt um fyrirhugaðar framkvæmdir í skólanum í sumar. Mögulegt rými sem skólinn gæti fengið afnot af í Furugrund 3. Jafnvel þó það stæði til boða þá myndi það nýtast skólanum illa, áfram er horft til þess að betri staða væri að nýta og endurhanna gamla íþróttasalinn. Eldhúsið í dag gerir það illmögulegt fyrir skólann að uppfylla samþykkt bæjarráðs um að bjóða upp á grænkerafæði til viðbótar við annan mat. Aftur er bent á að þröngt er um nemendur og starfsfólk í skólanum.

Rætt er um áherslur nesta vetur. Áfram verður unnið með Flæði, sem er tilraunaverkefni á miðstigi en ánægja hefur verið með það. Næsta vetur verður gerð tilraun til að fjölga umsjónarkennurum í árgöngum a.m.k. frá miðstigi og upp úr.

Komið er inn á þungan vetur í einum árgangi á unglingsstigi. Margt hefur verið gert í vetur til að vinna í málum þar en fleiri skref eru fyrirhuguð næsta vetur með sama árgang.

Fundi slitið

Brynjar Ólafsson ritar fundargerð